

Sp.

387. Fyrirspurnir.

[192. mál]

I. Til heilbrigðismálaráðherra um Ljósmeðraskóla Íslands og endurskoðun ljósmeðralaga.

Frá Kristjáni Thorlacius og Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Hvað líður undirbúningi fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi ljósmeðranáms? Hvenær má vænta þess, að þær komi til framkvæmda?
2. Hvað líður endurskoðun ljósmeðralaganna? Er ætlun ríkisstjórnarinnar að flytja frumvarp til nýrra ljósmeðralaga, og ef svo er, þá hvenær?

II. Til fjármálaráðherra um lán til fiskvinnslustöðva.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Helga Bergs.

Hvaða fiskvinnslustöðvar fengu hluta af þeirri 21 milljón króna, sem ríkið lánaði til fiskvinnslustöðva á árinu 1963? Hve mikið fékk hver fiskvinnslustöð, til hverra framkvæmda og með hvaða kjörum?

III. Til fjármálaráðherra um ríkisábyrgðir.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni og Helga Bergs.

Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1963, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?

IV. Til fjármálaráðherra um greiðslur vegna ríkisábyrgða á árunum 1962 og 1963.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve háar fjárhæðir hefur ríkisábyrgðasjóður orðið að greiða vegna áfallinna ríkisábyrgða: a) árið 1962, b) árið 1963?
2. Vegna hvaða fyrirtækja, stofnana og einstaklinga voru greiðslur þessar inntar af hendi, og hve mikil var greiðslan umrædd ár fyrir hvern aðila um sig?